

## ✉ Re: Ósk eftir umsögn,2206010

Búið til	12.12.2022 14:35:16
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	12.12.2022 14:35:14
Tilheyrir	📁 202211-0032 - Aðalskipulagsbreytingar fyrir Bæjarás veiðihús, Laxárdalur við Stóru-Laxá í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

### Efni

Re: Ósk eftir umsögn,2206010

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	12.12.2022 14:35:14	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinardottir@ni.is)
Til	ellisif@utu.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

-----  
Tilvísun í mál nr. 202211-0032 (OKV).

Vísað er til tölvubréfs frá ritara Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. 21. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við aðalskipulagsbreytingu er varðar afþreyingar- og ferðamannasvæði við Stóru-Laxá í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Með bréfinu fylgdi greinargerð Eflu frá 3. október 2022 með forsendum og umhverfisskýrslu, sem og skipulagsuppdráttur.

Breytingin varðar afþreyingar- og ferðamannasvæðið Stóru-Laxá, veiðihús (AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði, annars vegar núverandi veiðihús í landi Laxárdalsjarða og hins vegar nýtt veiðihús á Bæjarási. Svæðið sem breytingin nær til er rúmir 2 ha en lóðin Bæjarás, sem stofnuð var úr landi Laxárdalsjarða, er uppi á samnefndum ási skammt austur af Stóru-Laxá og norðaustur af Laxárdalsbæjum. Gert er ráð fyrir að byggja 300 m<sup>2</sup> hús með gistirými fyrir allt að 15 manns á Bæjarási. Skv. greinargerð (bls. 7) er markmiðið með breytingu á aðalskipulaginu að heimila uppbyggingu á nýju veiðihúsi í landi Bæjaráss, fjölga gistiplássum fyrir veiðimenn í Stóru-Laxá og skilgreina fyrirhugaða uppbyggingu sem hluta afþreyingar- og ferðamannasvæðisins AF2, þar sem fyrir er veiðihús í landi Laxárdals.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér aðalskipulagsbreytinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Laxárdalsbæir eru nyrstu bæir austan Stóru-Laxár. Upp af bæjunum ganga vegslóðir sem nýttar eru m.a. af veiðimönnum og bændum til að komast að ánni og inn á afrétti. Á þessu svæði er mjög lítið um mannvirki og skammt í ósnortin víðerni á lágheiðum ofan byggða.

Lóð Bæjaráss er uppi á ási ofan Stóru-Laxár og ofan nyrstu bæja austan Stóru-Laxár. Mundi byggingin verða sýnileg frá nærliggjandi ásum við Stóru-Laxá og hafa neikvæð áhrif á ásýnd lands og landslag líkt og greint er frá fyrir valkost A á bls. 14. Með skipulagsbreytingunni og byggingu veiðihússins er verið að færa þjónustu inn á jaðarsvæði óbyggðra víðerna sem nú þegar eiga undir högg að sækja vegna innviðauppbýggingar, m.a. vegna ferðþjónustu.

Núverandi veiðihús er í grennd við Laxárdalsbæi. Á bls. 8 í greinargerð kemur fram að „*Svæði veiðihússins í landi Laxárdals er þegar byggt, vel er gengið frá svæðinu og talsvert um gróður þar í kring. Frekari uppbygging á sömu lóð í Laxárdal kæmi til með að raska svæðinu talsvert. Nýtt veiðihús verður staðsett að Bæjarási, norðar í landi Laxárdals og mun nær ánni og því hentugri staðsetning fyrir uppbyggingu á umræddri þjónustu, auk þess sem minna ónæði fylgir um það svæði fyrir ábúendur og gesti.*“ Land í kringum núverandi veiðihús er vissulega vel gróið en þar er þó um að ræða manngert umhverfi og er þar m.a. stunduð skógrækt. Það ætti því ekki að mæla gegn því að þar verði unnin uppbygging enda er lóðin á mun skjólsælla svæði en háttar til á Bæjarási og fyrirséð að uppgræðsla eftir framkvæmdir ætti að geta gengið vel, auk þess sem hægt er að nýta þann gróður sem fyrir er við frágang og endurgræðslu. Uppbygging á Bæjarási er fyrirhuguð á lítt röskuðu landi sem stendur nokkuð áveðurs og komi til framkvæmda þar er viðbúið að endurgræðsla eftir rask verði hæg.

Er það mat stofnunarinnar að æskilegt sé að valkostur B verði skoðaður betur þar sem honum fylgja ekki neikvæð áhrif á ásýnd og landslag á lítt röskuðu svæði í jaðri óbyggðra víðerna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Bestu kveðjur  
Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)

---

**From:** "Ellisif Malmo Bjarnadóttir" <ellisif@utu.is>  
**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "skeidgnup@skeidgnup.is" <skeidgnup@skeidgnup.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>

**CC:**

**Subject:** Ósk eftir umsögn,2206010

**Date:** 21.11.2022 16:04:26

Góðan dag

Óska eftir umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir Bæjarás veiðihús, Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Kynning er í auglýsingu frá 17. nóv. til og með 9.des.

Bestu kveðjur,

Ellisif Bjarnadóttir &nbsp;   &nbsp;    
Ritari skipulagsfulltrúa



Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: [ellisif@utu.is](mailto:ellisif@utu.is) (mailto:ellisif@utu.is)

Vefsíða: [www.utu.is](http://www.utu.is) (http://www.sbf.is/)

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á [island.is](http://www.island.is/) (http://www.island.is/) (mínar síður)

